

Afkoma Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi 2008

- Betri afkoma en á síðasta ári
- Rekstur lagaður að erfiðum ytri skilyrðum
- Heildarvelta félagsins á öðrum ársfjórðungi 2008 var 29 milljarðar króna og jókst um 79% frá sama tíma í fyrra
- EBITDA var 1,9 milljarðar króna en 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var 901 milljónir króna samanborið við 636 milljónir króna á sama tíma í fyrra
- Hagnaður eftir skatta var 395 milljónir króna, en var 205 milljónir króna á sama tíma í fyrra
- Eignir voru 89,8 milljarðar króna í lok júní 2008 samanborið við 66,8 milljarða í lok árs 2007
- Eiginfjárlutfall var 30% í lok júní 2008 en var 37% í ársbyrjun
- EBITDAR á öðrum ársfjórðungi 2008 var 5,3 milljarðar króna samanborið við 2,6 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2007.
- Mikla veltuaukningu má að mestu rekja til komu Travel Service inn í samstæðuna frá 1. apríl 2008 sem og stöðu íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum
- Viðbrögð við erfiðum ytri rekstrarskilyrðum hafa skilað árangri og áfram er unnið samkvæmt aðgerðaáætlun til að aðlaga reksturinn að erfiðu efnahagsástandi og háu eldsneytisverði

Fyrri helmingur ársins 2008

- Heildarvelta félagsins var 43 milljarðar króna sem er 53% aukning miðað við sama tíma í fyrra
- Hagnaður af sölu eigna nam 97 milljónum króna á tímabilinu, en á sama tímabili í fyrra var 1,3 milljarða króna hagnaður af sölu eigna
- Handbært fé frá rekstri var 7,6 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins 2008 en var 3,6 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBITDA var 998 milljónir króna en var 1,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var neikvætt um 762 milljónir króna en neikvætt um 197 milljónir á sama tíma í fyrra
- Tap á fyrri helmingi ársins 2008 var 1,3 milljarðar króna en var 1 milljarður á sama tíma í fyrra
- EBITDAR á fyrri helmingi 2008 var 6 milljarðar króna samanborið við 3,7 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2007

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

„Afkoma Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi er betri en á sama tíma á síðasta ári, sem er framar vonum í erfiðu rekstrarumhverfi í alþjóðaflugi. Icelandair Group er nú með starfsemi í öllum heimsálfum og 75% rekstrartekna koma erlendis frá, og aðeins 25% frá Íslandi.

Mikill vöxtur einkennir tímabilið, en þar munar mest um að tékkneska flugfélagið Travel Service kom inn í reksturinn. Það er nú næst stærsta félagið í Icelandair Group og var afkoma þess góð á öðrum ársfjórðungi.

Fyrirtæki innan samstæðunnar hafa brugðist við háu eldsneytisverði og minnkandi eftirspurn með kostnaðaraðhaldi og tekjustýringu. Rekstur Icelandair, stærsta félagsins, er í jánnum, og þar hefur verið gripið til aðhaldsaðgerða sem lofa góðu.

Í heild erum við að sjá jákvæðan árangur af fjölþættingu Icelandair Group og batnandi lausafjárstöðu. Unnið er samkvæmt aðgerðaráætlunum í öllum fyrirtækjum og við höfum samheldið og kraftmikið starfsfólk sem er reiðubúið að styra félaginu í gegnum ókyrrðina í efnahagslífinu.“

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

sími: 896-1455

Lykiltölur fyrri helmings og annars ársfjórðungs 2008

ISK '000.000						
	Q2 08	Q2 07		6M 08	6M 07	
Transport revenue	12.208	9.686	26%	18.981	16.001	19%
Aircraft and aircrew lease	12.898	3.750	244%	18.085	6.363	184%
Other	3.848	2.755	40%	5.898	5.732	3%
Operating Income	28.954	16.191	79%	42.964	28.096	53%
Salaries and related expenses	6.229	5.329	17%	11.234	9.931	13%
Aircraft fuel	6.538	2.581	153%	9.160	4.260	115%
Aircraft and aircrew lease	3.684	1.665	121%	6.235	3.101	101%
Aircraft servicing, handling and comm.	3.752	1.203	212%	4.748	1.941	145%
Aircraft maintenance	2.707	1.079	151%	3.819	2.106	81%
Other	4.189	3.012	39%	6.770	5.516	23%
EBITDA	1.855	1.322	40%	998	1.241	-20%
EBIT	901	636	42%	-762	-197	287%
EBT	655	270	143%	-1.426	-1.271	12%
Net Profit/Loss	395	205	93%	-1.283	-1.024	25%
EBITDAR	5.279	2.624	101%	5.984	3.651	64%

Hagnaður/Tap

EBITDA annars ársfjórðungs 2008 var 1,9 milljarðar króna en var 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBIT á öðrum ársfjórðungi 2008 var 901 milljón króna en var 636 milljónir á sama tímabili í fyrra. Hagnaður annars ársfjórðungs 2008 nam 395 milljónum króna, en var 205 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2007.

EBITDAR er mælikvarði sem er oft notaður í flugrekstri þar sem leiga er undanskilin EBITDA til þess að fá skýrari mynd af rekstrinum sjálfum þar sem eignarhaldskostnaður er óvenju hátt hlutfall af rekstrarkostnaði. EBITDAR á öðrum ársfjórðungi 2008 var 5,3 milljarðar króna samanborið við 2,6 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2007.

Rekstrareiningar samanburður milli ára – annar ársfjórðungur

ISK '000.000					
	Scheduled Airline and Tourism			Capacity Solutions	
	2Q 08	2Q 07	Diff	2Q 08	2Q 07
Segment revenue	18.917	15.907	19%	13.905	3.464
Segment cost	-17.949	-14.625	23%	-12.683	-3.348
EBITDA	968	1.282	-24%	1.222	116
EBIT	229	669	-66%	951	-84
Net finance cost	-204	-167	22%	250	-94
Share of profit of associates	1	0	N/A	126	66
EBT	26	502	-95%	1.327	-112
Income tax	-37	-103	-64%	-163	-28
Net Profit/Loss	-11	399	-103%	1.164	-140
EBITDAR	2.109	2.140	-1%	3.505	560

Rekstrareiningar annar ársfjórðungur 2008

ISK' 000.000	Q2 2008				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	18.917	13.905	215	-4.083	28.954
Segment cost	-17.949	-12.683	-551	4.083	-27.099
EBITDA	968	1.222	-336	0	1.855
EBIT	229	951	-279	0	901
Net finance cost	-204	250	-419	0	-373
Share of profit of associates	1	126	0	0	127
EBT	26	1.327	-699	0	655
Income tax	-37	-163	-60	0	-260
Net Profit/Loss	-11	1.164	-758	0	395

Rekstur

Heildartekjur á öðrum ársfjórðungi 2008 voru 29 milljarðar króna miðað við 16,2 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 79% aukning á milli ára. Stóran hluta af þessari tekjuaukningu má rekja til innkomu Travel Service inn í samstæðuna eða 67%, önnur veltuaukning skýrist að mestu af veikingu íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Rekstrarkostnaður án afskrifta nam 27,1 milljarði króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 14,9 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2007.

Í alþjóðlegum flugrekstri og ferðaþjónustu voru tekjur 18,9 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 15,9 milljarðar króna á sama tíma 2007, sem nemur 19% aukningu á milli ára. Kostnaður var 17,9 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 14,6 milljarðar króna á sama tíma 2007, sem nemur 23% aukningu á milli ára. EBITDA í alþjóðlegum flugrekstri og ferðaþjónustu var 968 milljónir króna en var 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Tap rekstrareiningarinnar á öðrum ársfjórðungi 2008 var 11 milljónir króna samanborið við 399 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra. EBITDAR á öðrum ársfjórðungi 2008 var 2,1 milljarðar króna og var 2,1 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Á sviði leiguflugs og flugvélaviðskipta voru tekjur 13,9 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 3,5 milljarðar króna á sama tíma 2007. Kostnaður var 12,7 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 3,3 milljarðar króna á sama tíma 2007. EBITDA í leiguflugi og flugvélaviðskiptum var 1,2 milljarðar króna en var 116 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Hagnaður rekstrareiningarinnar á öðrum ársfjórðungi 2008 var 1,2 milljarðar króna samanborið við tap upp á 140 milljónir króna á sama tíma í fyrra. EBITDAR á öðrum ársfjórðungi var 3,5 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en var 560 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Rekstrarfrávik

Flutningatekjur aukast um 2,5 milljarða króna milli annars ársfjórðungs 2007 og 2008, sem er 26% hækkun. Tekjur vegna farþegaflutninga aukast um 26,7 % á milli ára meðan tekjur vegna vöru- og póstflutninga hækka um 21,5 % . Hjá Icelandair jukust farþegatekjur á milli fyrri helmings 2007 og 2008 um 5% en fjöldi farþega minnkaði um 6,3 % og voru 649.000 á öðrum ársfjórðungi 2008. Sætanytingarhlutfall á fyrri helmingi ársins 2008 hækkaði úr 72,2% í 72,8, eða um 0,6 prósentustig, einingaverð á föstu gengi hækkaði um 15,5% sem skýrist af betri samsetningu á „til/frá/um“ farþegamörkuðum.

Tekjur af leiguflugi aukast um 9,1 milljarð á milli annars ársfjórðungs 2007 og 2008. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til innkomu Travel Service en sú aukning nam 7,1 milljarði króna.

Aðrar tekjur hafa hækkað um 1,1 milljarð króna á milli annars ársfjórðungs 2007 og 2008 sem er 40% hækkun, en af því skýrir innkoma Travel Service 300 milljónir króna.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkaði um 900 milljónir króna eða um 17% á milli fjórðunga. Meðalstöðugildi á öðrum fjórðungi 2008 á mánuði voru 3,456 sem er aukning um 21% frá sama tíma 2007. Stöðugildum Icelandair hefur fækkað um 102 eða 8% en stöðugildum LatCharter fjölgaði um 63 eða 50 % vegna aukinna umsvifa. Stöðugildi Travel Service eru 656, og ef leiðrétt fyrir Travel Service þá varð 2% fækkun á stöðugildum og hækkun launakostnaðar um 84 milljónir króna. eða 1,6% hækkun.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hækkuðu laun um 13% eða um 1,3 milljarða á milli ára. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum Travel Service þá hækkuðu laun um 4,9% frá síðasta ári. Árshækkun launavísitalu miðað við 30. júní 2008 var 8,5%.

Eldsneytiskostnaður hækkar verulega á öðrum ársfjórðungi eða um 4 milljarða króna sem er 153 % hækkun frá sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir umsvifum Travel Service er raunhækkun 44%. Meðalverð á öðrum ársfjórðungi 2008 var USD 1,253 á tonn en var USD 669 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er hækkun um 87% á milli tímabila.

Flugvéla- og áhafnaleiga á öðrum ársfjórðungi hefur hækkað um 2 milljarða króna á milli ára eða um 121%. Þessi hækkun er tilkomin fyrst og fremst vegna innkomu Travel Service uppá 1,1 milljarð króna.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækka um 2,5 milljarða á milli ára vegna aukinna umsvifa. Auk þess sem krónan er veikari á öðrum ársfjórðungi 2008 heldur en á sama tíma í fyrra. Viðhaldskostnaður á öðrum ársfjórðungi eykst um 1,6 milljarða króna á milli ára.

Fjármagnsliðir

ISK'000.000			
	Q2 08	Q2 07	Diff.
Interest income	102	76	26
Interest expenses	-808	-597	-211
Currency effect	30	89	119
Gain from sale of derivatives	303		
Net finance cost	-373	-432	59

Nettó fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi 2008 voru neikvæð um 373 milljónir króna en voru neikvæð um 432 milljónir króna á sama tíma árið 2007.

Fjármagnstekjur voru 102 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2008 en 76 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Fjármagnskostnaður jókst um 211 milljónir króna á milli annars ársfjórðungs 2007 og 2008. Kostnaðaraukninguna má rekja til hærri markaðsvaxta og álags, ásamt því að ný skuldabréf voru seld á tímabilinu fyrir samtals 3,8 milljarða. Höfðustóll lána hækkar um 80 milljónir króna vegna veikingar íslensku krónunnar.

Gengishagnaður tímabilsins skýrist af jákvæðri eignastöðu félagsins í erlendri mynt.

Hagnaður af sölu olíuvarna nam 303 milljónum króna en félagið innleysti hluta af sínum vörnum á tímabilinu.

Efnahagsreikningur

ISK'000.000	30/06/08	31/12/07	Diff.
Operating Assets	27.762	22.832	4.930
Intangible assets	31.351	26.846	4.505
Investment in associates	938	2.335	-1.397
Aircraft purchase prepayments	2.188	249	1.939
Long-term receivables	3.909	1.788	2.121
Cash and cash equivalents	6.299	2.006	4.293
Other assets	17.377	10.704	6.673
Total assets	89.824	66.760	23.064
Stockholders equity	27.271	25.033	2.238
Total non-current liabilities	20.275	14.174	4.676
Total current liabilities	42.278	27.553	16.150
Total equity and liabilities	89.824	66.760	23.064

Eignir voru 89,8 milljarðar króna í lok júní 2008 samanborið við 66,8 milljarða í lok árs 2007.

Fastafjármunir hafa hækkað um 4,9 milljarða króna frá áramótum eða um 22%. Þessa hækkun má rekja til gengisáhrifa en hluti af fastafjármunum eru í erlendri mynt.

Fjárfestingar á fyrri helmingi ársins voru um 3,2 milljarðar króna en þar af voru um 1,7 milljónir vegna nýrra sæta og afþreyingarkerfis í vélar Icelandair ásamt fjárfestingu í hreyflatímum. Greiðslur flugvélakaupa 787 og 737 vélum voru samtals um 900 milljónir króna á tímabilinu.

Með tilkomu Travel Service hækka fyrirframgreiðslur vegna flugvéla um 1,5 milljarða króna vegna greiðslu inn á 737-800 vélar og einnig var greitt vegna kaupa á 787 vél um 300 milljónir króna.

Óefnislegar eignir hafa hækkað um 4,5 milljarða króna eða 17% frá áramótum. Þetta má skýra með innkomu Travel Service sem er 2,7 milljarðar króna af þessari aukningu, sem og veikingu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Langtímakröfur hafa hækkað um 2,1 milljarð króna frá áramótum. Greiðsla vegna leigusamningsins við Air Niguni á 787 Dreamliner vélinni var um 870 milljónir króna. Ennfremur má rekja af þessari hækkun 593 milljónir króna til Travel Service.

Viðskiptakröfur aukast um 7,2 milljarða króna frá áramótum. Um er að ræða verulega veltuaukningu á milli ára m.a vegna innkomu Travel Service sem skýrir þessa breytingu.

Langtímaskuldir hafa hækkað um 6,1 milljarð króna frá áramótum. Breytingar á gengi hafa áhrif á gjaldeyrslánin en einng Travel Service kemur inn með lán uppá 1,4 milljarða (greiðslur inn á 737-800 véla). Einnig var gefið út skuldabréf til 5 ára fyrir 1,3 milljarða króna. Þá nema fyrirframgreiðslur inná 787 Dreamliner leigusamninginn 1,4 milljörðum króna.

Skammtímaskuldir hafa hækkað um 14,7 milljarða króna frá áramótum eða um 53%. Aukin velta á stærstan þátt í þessari hækkun en fyrirfram innheimtar tekjur hafa hækkað um 6,8 milljarða króna frá áramótum. Áhrif vegna Travel Service eru um 1,5 milljarðar króna af þeirri upphæð.

Sjóðsstreymi

ISK '000.000		
	H1 08	H1 07
Working capital from (to) operations	1.365	-1.681
Net cash from operating activities	7.619	3.585
Net cash from (used in) investing activities	-2.354	-1.270
Net cash (used in) from financing activities	-1.485	-801
Increase (decrease) in cash and cash equivalents	3.780	1.514
Effect of exchange rate fluctuations on cash held	513	-104
Cash and cash equivalents at 1 January	2.006	2.776
Cash and cash equivalents at 30 June	6.299	4.186

Veltufé frá rekstri var 1,4 milljarðar króna á fyrri hluta ársins samanborið við neikvætt veltufé frá rekstri að fjárhæð 1,7 milljarðar króna á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé frá rekstri á fyrri hluta ársins 2008 var 7,6 milljarðar króna en var 3,6 milljarðar króna á fyrri hluta ársins 2007.

Samanburður ársfjórðungar–Lykiltölur

ISK' 000.000					
	Q2 07	Q3 07	Q4 07	Q1 08	Q2 08
Transport revenue	9.686	11.994	7.954	6.773	12.208
Charter revenue	3.750	4.615	4.532	5.187	12.898
Other	2.755	3.429	2.857	2.050	3.848
Operating Income	16.191	20.038	15.343	14.010	28.954
Salaries and related expenses	5.329	4.672	5.405	5.005	6.229
Aircraft fuel	2.334	2.856	2.900	2.622	6.538
Aircraft and aircrew lease	2.416	2.832	669	2.551	3.684
Aircraft servicing, handling and navigation	985	1.187	1.457	996	3.752
Aircraft maintenance	836	1.239	2.026	1.112	2.707
Other	2.969	3.531	2.371	2.581	4.189
EBITDA	1.322	3.721	515	-857	1.855
EBIT	636	2.843	963	-1.663	901
EBT	270	2.519	-1.119	-2.081	655
Net Profit	205	2.061	-780	-1.678	395
EBITDAR	2.624	5.288	2.116	705	5.279

Horfur

- 2008 verður krefjandi ár í flugstarfsemi en sveigjanleiki og sterkur hópur starfsmanna mun gera Icelandair Group kleift að ná viðunandi árangri
- Icelandair Group hefur breidd og er með fjölbætta starfsemi á heimsvísu sem býður upp á tækifæri í þeim ógnunum sem steðja að
- Aukinn styrkur hagkerfa Mið-Evrópu verður áfram megináherslan í vexti Icelandair Group
- Aðgerðaráætlun er í gangi í öllum fyrirtækjum samstæðunnar til þess að bregðast við efnahagsaðstæðum og háu eldsneytisverði
- Viðunandi afkomu Icelandair er að vænta 2008 þrátt fyrir áframhaldandi erfiðar markaðsaðstæður. Minni eftirspurn er svarað með minna framboði
- Verkefnastaða í leiguflugi er góð út árið 2008

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna annars ársfjórðungs 2008 og fyrri helmings ársins 2008 var samþykktur á stjórnarfundum þann 18. ágúst 2008. Arshlutareikningurinn hefur verið kannaður athugasemdalaust af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur 19. ágúst

Opinn kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 19. ágúst 2008 á Hilton Reykjavík Nordica (Sal I). Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 8:30.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands/Nasdaq OMX

Fjárhagsdagatal 2008

Uppgjör þriðja ársfjórðungs: Þriðjudaginn 18. nóvember 2008
 Ársuppgjör 2008: Vika 8 -2009

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group
 Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri

simi: 896-1455
 simi: 864-5849